

Wisse gegn Frakklandi

Dómur frá 20. desember 2005

Mál nr. 71611/01

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu

Gæsluvarðhaldsfangar. Upptökur samtala við ættingja.

1. Málsatvik

Kærendur, bræðurnir Jean-François Wisse, fæddur 1959, og Christian Wisse, fæddur 1952, eru franskir ríkisborgarar. Sem stendur afplána þeir refsidóma í Frakklandi, annar til 25 ára og hinn til 20 ára, fyrir vopnað rán og morðtilraun árið 1992.

Kærendur voru handteknir 9. október 1998 vegna gruns um vopnað rán í tveimur bankaútibúum og voru þeir úrskurðaðir í gæsluvarðhald. Á grundvelli heimildar sem gefin var út af rannsóknardómara voru símtöl kærenda og ættingja þeirra, í heimsóknarherbergjum fangelsisins, hleruð frá nóvember 1998 til febrúar 1999.

Kröfu kærenda um að fá ákvarðanir um upptökur símtalanna lýstar ógildar var hafnað af undirrétti og við áfrýjun.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu að með upptökum á samtölum þeirra í heimsóknarherbergjum fangelsanna hefði verið brotið gegn friðhelgi einkalífs og fjölskyldu skv. 8. gr. sáttmálans.

Niðurstaða

Dómstóllinn taldi að hinar kerfisbundnu upptökur samtala kærenda í heimsóknarherberginu, í öðru skyni en að tryggja öryggi í fangelsinu, gerði að engu tilgang heimsóknarherbergisins, þ.e. að fangarnir gætu þar notið einhvers konar „einkalífs“, þar á meðal átt einkasamtöl við fjölskyldur sínar. Þau samtöl sem fóru fram í heimsóknarherberginu gætu þess vegna fallið undir hugtakið einkalíf.

Upptaka samtala kærenda við fjölskyldumeðlimi sína í heimsóknarherberginu og notkun þeirra fyrir dómi taldist til afskipta af einkalífi þeirra. Frönsk lög mæltu ekki fyrir um það á nógu skýran hátt hvernig og að hvaða marki yfirvöldum væri heimilt að grípa inn í einkalíf gæsluvarðhaldsfanga. Var því ekki mælt fyrir um takmörkunina á einkalífi kærenda með lögum í skilningi 2. mgr. 8. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn taldi því að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans. Talið var að niðurstaðan sjálf væri kærendum nægar bætur fyrir miska.

Einn dómari skilaði sératkvæði.